

Kýrnar, kindurnar og kálið

Greining á búvörusamningum

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð

Hulda Lilliendahl
Nóvember 2014

Greining búvörusamninga

Markmið

Að fyrir liggi tölfræðigreining um stöðu kynjanna sem nýst getur stjórnvöldum við ákvarðanatöku um fjárveitingar, s.s. við fjárlagagerð, styrkúthlutanir o.fl.

Jafnréttismarkmið

Að stuðla að efnahagslegu jafnrétti kynjanna í bændastétt.

Greining búvörusamninga

Mun algengara er að bújarðir gangi til sona en dætra á Íslandi sem og erlendis

(Hjördís Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir 2009; Shortall, 1999; Brandth, 2002).

Almennt er karlinn skráður fyrir bújörð og rekstri búsin.

Slíkt veitir efnahagsleg völd þar sem konur geta ekki í sama mæli tekið skuldbindandi ákvarðanir í rekstrinum.

(Anna Margrét Stefánsdóttir 2002)

Greining búvörusamninga

Kynjuð orðræða:

Karlinn er bóndi

Konan er bóndakona eða eiginkona bónda.

Vinna kvenna í landbúnaði oft skilgreind sem heimilisstörf en ekki bústörf.

Greining búvörusamninga

Samheiti yfir samninga um beingreiðslur í landbúnaðarkerfinu

Fjárlög 2013:

- Mjólkurframleiðsla: 6.350 m.kr.
- Sauðfjárframleiðsla: 4.698 m.kr.
- Grænmetisframleiðsla: 527 m.kr.
- Samtals **11.575 m.kr**

Greining búvörusamninga

Aðferðir

Gögn frá 1997 – 2012 greind.

Greind út frá kyni viðtakanda í beingreiðsluskrá

Ef viðtakandi er félag voru skráðir eigendur félagsins flokkaðir (karl/kona/blandað) eða forsvarsmaður.

Greining búvörusamninga

Viðtakendur beingreiðslna 2011

Mjólkurframleiðsla

Karlar 82%

Sauðfjárframleiðsla

Karlar 85,3%

Grænmetisframleiðsla:

Karlar 65%

Greining búvörusamninga

Félagsleg réttindi

Í 5. grein laga um lífeyrissjóð bænda nr.12/1999

segir: „Sjóðurinn annast innheimtu iðgjalda. Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal halda eftir af þeim iðgjaldi þeirra sjóðfélaga sem beingreiðslna njóta fyrir næstliðinn mánuð og skila því til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að það er greitt og skal það sundurliðað eftir sjóðfélögum og tímabilum.“

Greining búvörusamninga

Kerfislægar hindranir

Búvörulög og reglugerðir með stoð í þeim kveða á um að einungis einn aðili geti verið viðtakandi beingreiðslna.

Undantekning ef að búinu standa sjálfstæðir rekstraraðilar (hjón þyrftu samkvæmt því að vera með tvö vsk.númer).

Beingreiðsluskráin er ekki kyngreind.

Greining búvörusamninga

Áfangi 3

Settur upp rýnihópur sérfræðinga í ráðuneytinu til að rýna niðurstöður greiningar og benda á leiðir til úrbóta væri þess þörf, að mati hópsins.

Hópurinn skilaði niðurstöðum í júní 2014.

Greining búvörusamninga

Niðurstöður rýnihóps

Kerfislægar hindranir í 38., 53. og 59. gr. búvörulaga og reglugerðum settum með stoð í þeim.

Kveðið er á um að hjón geti aðeins skráð sig sameiginlega handhafa beingreiðslna ef þau skrá sig hvort um sig sem sjálfstæðan rekstraraðila.

Greining búvörusamninga

Rýnihópurinn taldi að unnt væri að mæla fyrir um að framleiðendur geti verið fleiri á hverju lögbýli.

Þarf að skoða sérstaklega hvort báðir framleiðendur geti haft eitt vsk.uppgjör.

Tryggja að lífeyrissjóðsgreiðslur af beingreiðslum skili sér í réttindum fyrir báða aðila.

Greining búvörusamninga

Kallar á lagabreytingu.

Frumvarp til slíkrar lagabreytingar er ekki á forræði ANR heldur FJR.

Hefur verið kynnt fyrir ráðherra.

Pólítísk ákvörðun.

Gvuð láti gott á vita.